

Sæl Sigrún,

Með vísan í umsagnarbeiðni nefndarsviðs Alþingis, sent með tölvupósti þann 20.4.2016, um þingsályktunartillögu um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. mál.

Samgöngustofa fagnar því að fyrir liggi þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun. Í áætluninni eru mörg brýn verkefni sem stuðla að bættu samgönguöryggi. Mjög mikilvægt er að þingsályktunin fái samþykkt þar sem nauðsynlegt er að fjármagn sé tryggt til framkvæmdar á verkefnum sem finna má á öryggisáætlun Íslands sem samanstendur af flugöryggisáætlun, áætlun um öryggi sjófarenda og umferðaröryggisáætlun.

Með kveðju,

Halla Sigrún Sigurðardóttir

framkvæmdastjóri samhæfingarsviðs, staðgengill forstjóra

Samgöngustofa 

Ármúli 2 - 108 Reykjavík - Sími 480 6000
www.samgongustofa.is
